

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 60/1915.

Kristján Jónasson
 gegn
 Birni Kristjánsyni og
 Birni Sigurðssyni
 f. h. Landsbankans og
 Jóni Magnússyni bæjarfógeta.

D ó m u r :

Hinir stefndu, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir h. Landsbankans, höfðuðu mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni sem lántakanda og þeim Guðmundi Jónassyni kaupmanni í Frakkanesi, Kristjáni Jónassyni kaupmanni í Borgarnesi og Bjarna Valdasyri bónda í Skutulsey sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum til greiðslu in solidum á 2246 kr. skuld til Landsbankans samkvæmt skuldabréfi 10. febr. 1910. Af hálfu lántakandans Einars M. Jónassonar var málinu gagnstefnt og Jón Magnússon bæjarfógeti tilstefndur (adcitatus) til að greiða hina umstefnda upphæð. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 11. desbr. f. á. lauk málum þessum svo, að Einar M. Jónasson og nefndir sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir láninu voru dæmdir in solidum til að greiða hinum stefndu fyrir hönd Landsbankans eftirstöðvar lánsins eins og þær þá töldust 2246 kr. með $6\frac{1}{4}\%$ ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til borgunardags og 45 kr. í málskostnað, að stefndu voru sýknaðir í gagnsökinni og málinu gegn Jóni Magnússyni bæjarfógeta vísað

frá gestaréttinum og gagnstefnandi Einar M. Jónasson dæmdur til að greiða honum 15 krónur í málskostnað.

Þessum dómi hefir einn af ábyrgðarmönnum, Kristján Jónasson kaupmaður í Borgarnesi, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. sept. þ. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum hinna stefndu bankastjóra og áfrýjanda tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, eða til vara að Landsbankinn eða veðdeild hans verði dæmd til að skila aftur eigninni Grettisgötu 58 B ásamt leiguafnotum hennar frá 22. júlí 1911 til þess afhending fer fram. Svo krefst hann þess, að hinir stefndu verði sektaðir fyrir brot á lögum og rétti.

Hinir stefndu bankastjórar Landsbankans og Jón Magnússon bæjarfógeti hafa hinsvegar krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur að öllu leyti og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með skuldabréfi, dags. 10. febr. 1910, fékk Einar M. Jónasson lán í Landsbankanum að upphæð 2500 kr. gegn sjálfskuldarábyrgð framannefndra 3. manna og ennfremur var lán þetta trygt með 2. veðrétti í húseigninni 58 B við Grettisgötu næst á eftir 2 lánunum til veðdeildar Landsbankans. Samkvæmt kvittun á skuldabréfinu voru 254 kr. greiddar uppí lánið 14. sept. 1911, svo og vextir til 1. janúar 1912, þannig að eftir stóð af láninu 2246 kr. með vöxtum frá 1. janúar 1912.

Eftir því sem séð verður af skjölum málsins hafa hinir stefndu bankastjórar fyrir hönd veðdeildar Landsbankans sumarið 1911 krafist sölu á húseigninni 58 B við Grettisgötu sökum vanskila á skuldum til veðdeildarinnar, er hvíldi á eigninni með 1. veðrétti. Fór uppboð fram á eigninni 22. júlí 1911, voru þá 2 boð gerð í hana 2000 kr. og 3000 kr., en hvorugt boðið nægði að því er virðist til greiðslu á 1. veðréttarskuldum til veðdeildarinnar, og var eignin afsöluð veðdeild Landsbankans með uppboðsafsali útgefnu 22. mars 1912 fyrir 2000 kr.

Um það er nú enginn ágreiningur í máli þessu, að lán það, er hér ræðir um, hafi verið fallið til borgunar, er málið var höfðað, og áfrýjandi hefir og viðurkent að hafa undirritað veðskuldabréfið 10. febr. 1910 sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, og hann efar ekki, að lántakandi eða aðrir hafi greitt meira uppi skuldina en hinir stefndu bankastjórar hafa viðurkent, en hann virðist halda því fram hér fyrir réttinum, að bankastjórnum hafi verið óheimilt hinn 14. sept. 1911 að taka á móti vöxtum af láninu til 1. jan. 1912 og þannig framlengja það eftir að búið var að selja húseignina 58 B á Grettisgötu til lúkn-ingar 1. veðréttarlánunum og þar með hafði komið í ljós, að 2. veðrétturinn í eigninni, er umrætt lán var trygt með, var burtfallinn, en á þetta verður eigi fallist, þar sem svo er tekið fram í skuldabréfinu, að sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmannanna gildi, þótt lánið verði framlengt eða einhver hluti þess.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að uppboðsgjörðin 22. júlí 1911 hafi verið ólögleg og bankastjórnir

hafi með því að taka á móti afsali fyrir húseigninni tekið á sig ábyrgð á veðskuldum þeim, sem á eigninni hvíldu, þar á meðal skuld þeirri er hér ræðir um, og hvíldi á húseigninni með 2. veðrætti.

Þessi sýknunarástæða getur ekki tekist til greina þegar af þeirri ástæðu, að uppboðsgerðinni hefir eigi verið áfrýjað, og stendur hún því óhöggud, enda hefir áfrýjandi ekki höfðað gagnsök í undirrétti gegn hinum stefndu til skaðabóta fyrir uppboðið, ef ólöglegt væri. — Af sömu ástæðum getur varakrafa áfrýjanda um, að stefndu verði dæmdir til að skila aftur umræddri húseign, eigi orðið tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um sekt á hendur hinum stefndu bankastjórum er ekki ástæða til að taka til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans, að því er til áfrýjanda kemur, og ber honum að greiða hinum stefndu bankastjórum málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Krafan á hendur bæjarfógeta Jóni Magnússyni er að öllu leyti órökstudd, og með því að áfrýjandi þessa máls hefir ekki höfðað mál gegn honum fyrir undirrétti ber að vísa málsskotinu á hendur honum frá yfirdómi ex officio, og ber áfrýjanda að greiða honum í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður að því er áfrýjanda Kristján Jónasson snertir. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hann hinum stefndu,

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni, fyrir hönd Landsbankans, 20 kr.

Málsskotinu á hendur Jóni Magnússyni bæjarfógeta vísast frá yfirdóminum, og greiði áfrýjandi honum í málskostnað 20 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. des. 1915.

Nr. 4/1915:

Sveinn Björnsson f. h.

C. F. Müller, Seligmann & Nathan
gegn

Jóni Laxdal.

D ó m u r :

Í febrúarmánuði 1913 pantaði stefndi, Jón Laxdal kaupmaður í Reykjavík skófatnað hjá firmanu C. F. Müller, Seligmann & Nathan í Kaupmannahöfn. Tæpir $\frac{2}{3}$ hlutar af hinum pantaða skófatnaði voru stefnda sendir í marzmánuði s. á., en eftirstöðvarnar í apríl s. á. Stefndi veitti þeirri sendingunni móttöku, sem send var í marzmánuði, en neitaði að taka á móti hinum síðari sendingum, af því að þær hefðu komið of seint, og sendi þær aftur. — Firmað neitaði því að stefndi hefði rétt til að neita móttöku á sendingum þessum, og virðist ekki hafa tekið á móti þeim. Höfðaði svo umboðsmaður firmans, Sv. Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, mál gegn